

06.01.20

Reykjavíkurborg

Varðar umsögn vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Naustareits

Á fundi íbúðaráðs Miðborgar og Hlíða, miðvikudaginn 18 desember 2019, var tekin fyrir beiðni um umsögn vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 6-10A við Vesturgötu í Reykjavík. Íbúaráðið var samhljóða um fagna þeim tilvonandi breytingum sem fyrirhugaðar eru á húsnæðinu, einkum þó í ljósi þess að í tillögunni er sérstaklega nefnt samstarf eða samráð við Minjastofnun Íslands og að fyrirhugað er að hafa frágang á viðbyggðum svölum í upphaflegum byggingarstíl hússins, til að kalla fram samtímaanda í útlitshönnunum í samræmi við aldur hússins. Leggur ráðið þar með sérstaka áherslu á að hér sé verið að gefa jákvæða umsögn um hugmyndir sem fegra og bæta gömul hús.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur því til að breyting á deiliskipulagi samkvæmt þessum hugmyndum verði samþykkt.